

Fundur hjá ÍTN í Svartholi mánudaginn 3.mars kl. 12.00

Mættir: Kristín Heimisdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Elfa Benediktsdóttir og Vilborg Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Efni fundar: Rekstur Svarthols, ferð á Samfés 2014.

1.mál: Trúnaðarmál.

2.mál: Umgengni í Svartholi

Nefndin óskar eftir því við starfsmenn að umgengni um Svartholið verði tekin til athugunar. Að reglur verði settar um hvernig gengið skuli frá húsnæði í hvert skipti sem opið er. Nefndin mun fara í að fá betri frágang á rusli, þ.e. flokkunartunnur og fleira. Nefndin óskar eftir því við húsvörð að unnið verði að fá ruslatunnur fyrir utan húsið.

3.mál: Þrif í Svartholi

Nefndin ætlar að fara á leit við Ásdísi að sjá um þrif og fái greidda 2 tíma pr. mán fyrir það. Mun nefndin óska eftir því við sveitarstjóra að fá heimild til að kaupa ræstiáhöld og annað sem til þarf. Lagt til að þetta sé til staðar sérstaklega fyrir Svarthol, þ.e ekki sameiginlega nýtt með Þórsver.

4.mál: Rekstur Svarthols

Lagt fram til kynningar fundargerð frá sl. mánudegi þar sem fjárhagsstaða Svarthols var tekin fyrir. Var hún rædd og nefndarmenn upplýstir.

5.mál: Opnunartími Svarthols

Ljóst er að nefndinni urðu á mistök í nóv/des þegar lögð var fram tillaga að opnunartíma Svarthols að stundatafla var ekki samþykkt formlega. Þ.a.l. hefur rangur opnunartími verið auglýstur á föstudögum. Miðað er við að opnun sé 2,5 klst pr. kvöld og í útreikningi á kostnaði við opnun hefur verið miðað við það.

Leggur nefndin til að opnunartíminn verði 19.30 – 22.00 á mán, þri og fim. Á föstudögum skal opnun vera sú sama nema ef óskað er eftir að opnun verði lengur fram á kvöldið sé tíminn stytur í hinn endann, þ.e ef opið sé til 23.00 þá byrjað kl. 20.30.

Starfsmenn fá greiddar 3 klst fyrir hverja opnun, þ.e. 2,5 klst fyrir opnunartímann og 0,5 klst fyrir undirbúning og frágang eftir hverja opnun.

Nefndin óskar eftir því við starfsmenn að fá uppfærða stundaskrá sem fyrst til samþykktar. Óskum einnig eftir áætlun um opnun í páskafrínu þannig að hægt sé að gera ráðstafanir ef starfsmenn eru ekki heima við á þeim tíma.

6.mál: Launagreiðslur til starfsmanna

Búið er að stofna kennitölu og bankareikninga fyrir Svartholið. Styrkur frá Langanesbyggð hefur verið greiddur þangar inn og launagreiðslur til starfsmanna fara þaðan. Formaður ÍTN hefur séð um það núna sl. mánaðarmót en réttast er að það fari í hendur forstöðumanns

Svarthols þegar starfsemin er komin í fastari skorður.

Laun hafa verið greidd fyrir nóv, des og jan.

7.mál: Húsgögn að gjöf

ÍTN vill ítreka þakkir til Gistiheimilisins Lyngholts fyrir að sófann sem Svartholi var fært að gjöf.

8.mál: Samfestingurinn 2014

Næstkomandi fimmtudag er hópur af unglingum frá félagsmiðstöðinni að fara á Samfés ball í Reykjavík ásamt starfsmönnum. Fagnar nefndin því og vill koma þökkum til allra, fyrirtækja og einstaklinga, fyrir þann mikla stuðning sem unglingarnir hafa fengið til að fara í þessa ferð. Lögð var fyrir fundinn drög að dagskrá ferðarinnar ásamt fjárhagsáætlun.

Nefndin vill koma þeim athugasemdum til starfsmanna Svarthols að ekki þykir rétt að nýta söfnunarfé til leigu á glæsibifreið (limmósínu) í ferðinni. Leggur nefndin til að unglingar greiði það sjálf ef ósk þeirra er að halda því inn á dagskránni.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 13.00